

**3581. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
fimmtudaginn 5. desember 2024 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Einar Brandsson formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður, Haraldur Benediktsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fyrir tekið:

1. 2411022 - Lán - langtímafjármögnun útboð

Akraneskaupstað bærust alls 3 tilboð í langtímafjármögnun Akraneskaupstaðar, frá Arion Banka, Íslandsbanka hf. og Landsbanka Íslands hf.

Einar Brandsson vísar af fundi undir þessum lið vegna vanhæfis og Guðmundur Ingþór Guðjónsson tekur sæti í hans stað. Valgarður L. Jónsson tekur við stjórn fundarins.

Kristjana Helga Ólafsdóttir fjármálastjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlíð sem og undir dagskrárlíðum nr. 2 til og með 7.

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi tillögu um val á tilboði um langtímafjármögnun sbr. nánari skýringu í trúnaðarbók.

Bæjarráð vísar ákvörðuninni til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

GIG vikur af fundi.

2. 2410062 - Samþykkt um meðhöndlun úrgangs

Endurskoðuð gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkti drög að uppfærðri gjaldskrá á fundi sínum þann 2. desember 2024 og vísaði henni til bæjarráðs.

Einar Brandsson tekur sæti á fundinum og við stjórn hans.

Bæjarráð samþykkir gjaldskrá um meðhöndlun úrgangs hjá Akraneskaupstað.

Samþykkt 3:0

Bæjaráð vísar gjaldskránni til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

3. 2410292 - Höfði - Fjárhagsáætlun 2025 - 2028

Fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2025 og þriggja ára áætluna vegna tímabilsins 2026 - 2028.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun Höfða vegna ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026 til og með 2028 til síðari umræðu í bæjarstjórn sem fram fer þriðjudaginn 10. desember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

4. 2409132 - Fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2025-2034

Fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2025 og vegna tímabilsins 2026 til og með 2028.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun vegna ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026 til og með 2028 til síðari umræðu í bæjarstjórn sem fram fer þriðjudaginn 10. desember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

5. 2406142 - Fjárhagsáætlun 2025 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2026-2028

Málið er til endanlegrar framlagningar í bæjarráði en síðari umræða bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun vegna ársins 2025 og tímabilsins 2026 til og með 2028 fer fram þann 10. desember nk.

Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætlun ársins 2025 og þriggja ára áætlun vegna árána 2026 til og með 2028 ásamt tillögum sem meðfylgjandi eru áætluninni til síðari umræðu í bæjarstjórn sem fram fer þriðjudaginn 10. desember næstkomandi.

Samþykkt 2:1, (RBS á móti)

6. 2405132 - Árshlutauppgjör 2024

Árshlutauppgjör 9 mánaða.

Lagt fram.

7. 2312188 - Úttekt á rekstri og fjárhag

Fjárhagsleg markmiðasetning bæjarstjórnar Akraness.

Lagt fram.

Gert ráð fyrir að málið fari að nýju fyrir bæjarráðsfund þann 19. desember nk.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.

8. 2412054 - Dalbraut 6 - leiguíbúðir fyrir aldraða

Erindi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar tengt úrvinnslu málsins.

Náðst hefur samkomulag um fyrirkomulag sem gerir ráð fyrir aðkomu Brákar hses. að málinu og tekur félagið yfir verkefnið og réttindi og skyldur Leigufélags aldraðra sem tengjast stofnframlagi ríkisins og Akraneskaupstaðar.

Lausnin gerir sem fyrr, ráð fyrir að stofnframlag Akraneskaupstaðar hækki um samtals 70 m.kr. og á þá kaupstaðurinn eftir að inna af hendi um kr. 120 m.kr., þ.e. framlag samkvæmt fyrirbyggjandi stofnframlagssamningi um verkefnið dags. 21. febrúar 2021, að fjárhæð um 50, m.kr. og svo 70 m.kr. viðbótarframlagi sbr. fyrirbyggjandi minnisblað dags. 10. október 2024.

Bæjarráð samþykkir fyrir sitt leyti sölu íbúðanna (alls 31 íbúð) í fjöleignarhúsinu að Dalbraut 6 frá Leigufélagi aldraðra hses, kt. 540918-0820, til Brákar íbúðafélags hses, kt. 550722-0971, sbr. 1. mgr. 16. gr. laga nr. 52/2016 um almennar íbúðir.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð samþykkir að heildarstofnframlag vegna verkefnisins sbr. fyrirbyggjandi samning frá 21. febrúar 2021, minnisblað Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 10. október 2024 og bókun bæjarstjórnar í trúnaðarbók þann 22. október 2024 vegna viðbótarstofnframlags o.fl. verði veitt Brák íbúðafélagi hses. enda yfirtekur félagið réttindi og skyldur Leigufélags aldraðra hses. í verkefninu.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

9. 2411201 - Jafnlaunastefna Akraneskaupstaðar 2024

Málið var lagt fram á fundi bæjarráðs þann 28. nóvember 2024 og gert ráð fyrir að það kæmi að nýju fyrir fund þann 5. desember 2024.

Harpa Hallsdóttir mannauðstjóri situr fundinn undir þessum dagskrárlíð sem og undir dagskrárlíð nr. 8.

Bæjarráð samþykkir uppfærða jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

10. 2411200 - Jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar 2024

Málið var lagt fyrir bæjarráð þann 28. nóvember 2024 og óskaði ráðið eftir fjárhagslegri samantekt í tengslum við samþykkt áætlunarinnar.

Bæjarráð samþykkir uppfærða jafnréttisáætlun Akraneskaupstaðar og Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Harpa Hallsdóttir vikur af fundi.

11. 2411005 - Aðgerðaáætlun vegna innleiðingar barnasáttmálans

Málið var lagt fyrir bæjarráð þann 28. nóvember 2024 og óskaði ráðið eftir fjárhagslegri samantekt í tengslum við samþykkt áætlunarinnar og að fyrir lægi umsögn ungmennaráðs áður en málið kæmi fyrir bæjarráð að nýju. Sólveig Sigðurðardóttir deildarstjóri farsældarþjónustu barna situr fundinn undir þessum dagskrárlíð.

Bæjarráð samþykkir aðgerðaráætlun vegna innleiðingar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnslu Akraneskaupstaðar.

Samþykkt 3:0

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjórnar til endanlegrar ákvörðunar.

Samþykkt 3:0

Sólveig Sigðurðardóttir vísar af fundi.

12. 2411032 - Jaðarsbakkar skipulagsbreytingar - fyrirspurn til bæjarstjórnar

Skipulags- og umhverfisráð fjallaði um málið á fundi sínum þann 2. desember 2024 og vísaði til bæjarráðs til frekari úrvinnslu.

Lagt fram.

Samþykkt 3:0

13. 2411207 - Flugeldasýning 6. janúar 2025 (á þrettándanum)

Flugeldasýning og þrettándabrenna 6. janúar 2025.

Bæjarráð veitir Björgunarfélagi Akraness leyfi til að halda þrettándabrennu og flugeldasýningu þann 6. janúar 2025 á afmörkuðu svæði við knattspyrnuvöllinn á Jaðarsbökkum.

Samþykkt 3:0

14. 2411210 - Útgerðin - jólaball - tækifærisleyfi vegna lengri opnunartíma 27. des. 2024

Útgerðin - jólaball - tækifærisleyfi vegna lengri opnunartíma 27. des. 2024 og að opið verði til kl. 04:00.

Leyfið sem er til staðar er til kl. 01:00 aðfararnætur virkra daga og til kl. 03:00 aðfararnætur frídaga.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfis vegna viðburðarins en að opnunartíminn verði til kl. 03:00 aðfararnótt 27. desember næstkomandi.

Samþykkt 3:0

15. 2411212 - Útgerðin - áramótaball - tækifærisleyfi vegna lengri opnunartíma 1. janúar 2025.

Útgerðin - áramótaball - tækifærisleyfi vegna lengri opnunartíma 1. janúar 2025 og að opið verði til kl. 04:30.

Leyfið sem er til staðar er til kl. 01:00 aðfararnætur virkra daga og til kl. 03:00 aðfararnætur frídaga.

Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við útgáfu leyfis vegna viðburðarins en að opnunartíminn verði til kl. 04:00 aðfarnótt 1. janúar næstkomandi.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:15.